

Lokaskýrsla Hvalfjarðarsveitar

VEGNA INNLEIÐINGAR BARNASÁTTMÁLANA SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

15.05.2026



Efnisyfirlit

Barnvæn sveitarfélög	3
Innleiðingarferli Barnvænna sveitarfélaga	3
Staðfesting	3
Stöðumat.....	3
Fræðsla	3
Aðgerðaáætlun	3
Framkvæmd	4
Skýrsla	4
Mat og viðurkenning	4
Ný markmið og endurmat	4
Inngangur	4
Samantekt - Stöðumat	5
Leiðbeinandi spurningalistar.....	5
Spurningakannanir.....	6
Barnaþing.....	7
Sérfræðihópar barna.....	8
Aðgerðaáætlun Hvalfjarðarsveitar 2026 - 2031	9
1. Jafna tækifæri til íþrótt- og frístundaiðkunnar	9
2. Íþróttir- og frístundastarf í heimabyggð	11
3. Forvarnarverkefni fyrir foreldra – Invest in Play	13
4. Fjölga göngu- og hjólstígum í sveitarfélaginu	15
5. Aukin fræðsla fyrir börn og ungmenni í Hvalfjarðarsveit	17
6. Hlutlaus aðili sem er hægt að leita til	19
7. Ungmennaráð Hvalfjarðarsveitar	21
8. Yfirfara stefnur Hvalfjarðarsveitar m.t.t. réttinda barna	23
9. Barnvænn ábendingarhappur á heimasíðu sveitarfélagsins	25
10. Uppfæra fótboltavöll í Heiðarskóla og í Melahverfi	26
11. Skólareglur uppfærðar og tengdar við Barnasáttmálann.	28
12. Aðgengi fatlaðra á útivistarsvæði nýs leikskóla	30
13. Leiðbeinandi verklagsreglur til sveitarstjórnar og nefnda um barnvænt hagsmunamat	32
Samantekt Innleiðing verkefnisins Barnvæn sveitarfélög – reynsla Hvalfjarðarsveitar	34
Barnaskýrsla	35
Samantekt	36

Barnvæn sveitarfélög

Barnvæn sveitarfélög er verkefni sem styður sveitarfélög við að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í alla sína stjórn-sýslu og starfsemi. Verkefnið byggir á alþjóðlegu verkefni UNICEF sem kallast Child Friendly Cities Initiative og hefur verið innleitt í hundruðum borga frá því árið 1996. Verkefnið hefur verið innleitt hér á landi undir nafninu Barnvæn sveitarfélög frá því árið 2016.

Barnvænt sveitarfélag skuldbindur sig til þess að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og vinna markvisst eftir hugmyndafræði verkefnisins sem byggir á þekkingu á réttindum barna, því sem er barninu fyrir bestu, jafnræði – að horft sé til réttinda allra barna og þátttöku barna en saman skapa þessir þættir barnvæna nálgun á málefni sveitarfélagsins.

Innleiðingarferli Barnvænna sveitarfélaga

Verkefnið Barnvæn sveitarfélög er innleitt í átta skrefum sem hvert um sig styður við réttindi barna innan sveitarfélagsins.

Staðfesting

Fyrsta skrefið er staðfesting en þá er tekin þverpólitísk ákvörðun um innleiðingu verkefnisins í sveitarstjórn. Það er gert til þess að skapa samstöðu innan sveitarfélagsins og skipa verkefninu tryggan sess til lengri tíma.

Stöðumat

Stöðumatið er umfangsmesta skref ferlisins en tilgangurinn með því er að meta stöðu réttinda barna innan sveitarfélagsins. Stöðumatið felur í sér mikla gagnaöflun. Þá er tölfræðigögnum safnað, leiðbeinandi spurningalistum svarað, spurningakannanir eru lagðar fyrir börn og fullorðna, barnþing er haldið og viðtöl eru tekin við sérfræðihópa barna.

Fræðsla

Stöðumatið gefur til kynna hversu mikillar fræðslu er þörf innan sveitarfélagsins og út frá því er ákveðið hvernig er best að hátta henni. Tryggja þarf að börn og fullorðnir þekki réttindi barna og geti sett þau í samhengi við daglegt líf og störf innan sveitarfélagsins. Viðhalda þarf fræðslunni og því þarf hún að vera regluleg.

Aðgerðaáætlun

Fjórða skrefið er að útbúa aðgerðaáætlun en hún skal byggja á gögnunum úr stöðumatinu. Mikilvægt er að aðgerðaáætlunin miði að bæði langtíma og skammtíma markmiðum þar sem það er mikilvægt að börn finni strax fyrir áhrifum af verkefninu.

Framkvæmd

Eftir að aðgerðaáætlun hefur verið samþykkt af bæði UNICEF og sveitarstjórn er kominn tími til að framkvæma aðgerðirnar sem í henni eru. Gott getur verið að miða við að framkvæmdin taki u.þ.b. eitt ár. Skipaður er ábyrgðaraðili fyrir hverri aðgerð í áætluninni sem ber ábyrgð á að koma aðgerðinni í framkvæmd innan fyrirfram skilgreinds tímaramma.

Skýrsla

Bæði umsjónarmaður verkefnisins ásamt stýrihópi og ungmennaráð skila skýrslu til UNICEF um framgang verkefnisins. Í skýrslu umsjónarmanns og stýrihóps er lögð áhersla á að útskýra hvernig gekk að framkvæma aðgerðirnar í aðgerðaáætlun en skýrsla ungmennaráðsins fjallar aðalega um þau verkefni sem ráðið hefur unnið í tengslum við innleiðinguna ásamt því að taka fram hvaða breytingum börn í sveitarfélaginu hafa fundið fyrir á innleiðingartímanum.

Mat og viðurkenning

Að fyrstu sex skrefunum loknum er komið að úttekt á verkefninu. UNICEF framkvæmir úttektina og ef UNICEF metur sem svo að verkefnið hafi verið réttinum barna til framdráttar innan sveitarfélagsins og ef aðgerðir aðgerðaáætlunar hafa verið framkvæmdar fær sveitarfélagið viðurkenningu sem Barnvænt sveitarfélag.

Ný markmið og endurmat

Viðurkenning Barnvæns sveitarfélags gildir í þrjú ár frá því að hún er veitt. Því þarf sveitarfélagið að setja sér ný markmið og hefja nýtt stöðumat fljótlega eftir að viðurkenning er í höfn, ætli það sér að hljóta endurmat að þremur árum liðnum. Þá þarf sveitarfélagið að fara í gegnum innleiðingarferlið að nýju og ef vel gengur hlýtur það nýja viðurkenningu.

Inngangur

Innleiðing verkefnisins í Hvalfjarðarsveit hófst formlega í lok mars 2023. Ferlið hefur gengið vel, þó það hafi farið hægar af stað en upphaflega var áætlað. Við höfum unnið að verkefninu samhliða innleiðingu farsældarlaganna, sem hefur kallað á samhæfingu og sveigjanleika. Almennt hefur viðhorfið verið mjög jákvætt, bæði meðal ungmenna og fullorðinna þátttakenda og vel hefur tekist til að virkja fólk en þó þarf að ganga svolítið eftir því að spurningalistum sé svarað. Helsta áskorunin hingað til hefur verið að finna hentugan tíma til fundarhalda þar sem allir komast, þar sem ungmennaráðið er í skóla og íþróttum og mikilvægt er að þau komist á alla fundi stýrihópsins, en það hefur ekki dregið úr vilja fólks til þátttöku.

Samantekt - Stöðumat

Leiðbeinandi spurningalistar

1. Hvernig gekk að fara í gegnum leiðbeinandi spurningalistana?

Það gekk almennt vel að fara í gegnum leiðbeinandi spurningalistana. Listarnir voru skipulagðir og skýrir. Það kom þó fram að ýmislegt mætti gera betur og að ákveðin atriði þarfnast úrbóta. Sumum spurningum var erfitt að svara án þess að leita til viðeigandi aðila innan sveitarfélagsins eftir upplýsingum og var lögð áhersla á að hafa "barnaréttindagleraugin" við greiningu.

2. Hvernig var skipulagi vinnunnar háttað? Var leitað til viðeigandi aðila eftir svörum?

Stýrihópur vann meiri hluta vinnunnar saman en skipti sér í minni hóp varðandi afmarkað efni sem fól í sér að leita þurfti að upplýsingum frá aðilum innan sveitarfélagsins sem ekki eru í stýrihópnum.

3. Hvernig var þátttöku barna háttað í þessari vinnu?

Allt ungmennaráð situr í stýrihópnum og tók virkan þátt í vinnunni í góðu samstarfi við aðra í hópnum.

4. Hverjar voru helstu niðurstöður þessarar vinnu? Var eitthvað sem kom á óvart?

Helstu niðurstöður voru:

- Sveitarfélagið stendur almennt vel en víða eru tækifæri til að gera betur, til dæmis varðandi formlega og reglulega réttindafræðslu fyrir bæði starfsfólk og börn.
- Skilvirkt verklag í tengslum við réttindi barna þarf að styrkja, sérstaklega varðandi barnvænt hagsmunamat og aðferðir við samráð og þátttöku.
- Það kom á óvart hversu lítið er formlega skráð um þátttöku barna í ákvörðunum sem snúa að þeim sjálfum.

5. Kom eitthvað í ljós sem sveitarfélagið er að gera sérstaklega vel?

- Starf ungmennaráðs er gott, reglulegir fundir og fjölbreytt mál á dagskrá.
- Áhersla er á fjölbreytta þátttöku barna við skipulag svæða sem þeim eru ætluð, eins og við útivistarsvæði og íþróttamannvirki þó það hafi ekki verið formlega skráð.
- Íþrótt- og tómstundastarf er vel stutt með styrkjum.

6. Kom eitthvað í ljós sem stýrihópurinn sá strax að þarf að bæta?

Já, eftirfarandi atriði voru nefnd sérstaklega til úrbóta:

- Markviss og regluleg réttindafræðsla fyrir starfsfólk og börn.

- Barnvænt hagsmunamat (child right impact assessment) þarf að formgera og styrkja við ákvarðanir.
- Útbúa barnvænan ábendingarhnapp eða samskiptaleið fyrir börn inn á heimsasíðu sveitarfélagsins, einnig tilkynningarhnapp til barnaverndar.

Spurningakannanir

7. Hvernig gekk að leggja spurningakannanirnar fyrir?

Spurningalistinn var lagður fyrir 90 aðila, starfsfólk Hvalfjarðarsveitar og kjörna fulltrúa. Einnig var lagður fyrir spurningalisti fyrir miðstig og elsta stig í Heiðarskóla, samtals 58 börn. Samstarf við stjórnendur gekk vel.

8. Hver var svörunin (hversu hátt hlutfall barna og starfsfólks svaraði)?

Börn í Heiðarskóla

Alls svöruðu 44 börn af 58, sem gefur um **76% svörun**.

Starfsfólk og kjörnir fulltrúar:

Alls svöruðu 48 af 90 aðilum, sem gefur **53% svörun**. Aðeins 4 kjörnir fulltrúar svöruðu, því mætti vinna að því að hvetja fleiri kjörna fulltrúa til þátttöku í framtíðinni.

9. Hverjar voru helstu niðurstöður

Helstu niðurstöður – börn í Heiðarskóla 5 til 10 bekk.

- 86,36% af börnunum höfðu heyrt um Barnasáttmálann, 13,64% höfðu ekki heyrt um hann. 68,18% gátu nefnt fjögur réttindi sem eru í Barnasáttmálanum.
- 75% barnanna telja að öll börn eiga rétt á því að tjá sig og hafa áhrif, alveg sama hvað þau eru gömul.
- 55,81% segja að réttindi í Barnasáttmálanum gildi um þau, 37,21% segjast ekki vita það og 6,98% svöruðu nei.
- 51,16% svöruðu því játandi að sveitarfélagið mætti oftast spyrja um skoðun barna í málefnum tengdum börnum og ungmennum og 48,84% nei. 56,82% sögðust fá tækifæri til áhrifa á skipulag íþrótta- og tómstundastarfs, 43,18% sögðust ekki fá tækifæri til að hafa áhrif.
- 56,82% svöruðu því að hafa ekki fengið kynningu um Ungmennaráð sveitarfélagsins. Hæðsta hlutfall þeirra sem höfðu fengið kynningu voru í 9 og 10 bekk, 90% þeirra sem svöruðu í 10 bekk höfðu fengið kynningu og 57,14% í 9 bekk. 31,82% finnst þau geta tekið þátt í starfi ungmennaráðs og 47,73% vissu ekki af möguleikanum á að taka þátt.
- 88,64% telur mjög gott, gott eða frekar gott að búa í Hvalfjarðarsveit og stærsti hlutinn af þeim telur það mjög gott eða 49,91%.

- 86,05% segja já við því að starfsmenn skólans hafi spurt sig eða bekkjarfélaga hvernig hægt er að gera skólann betri.
- 86,05% telja öll börn fá tækifæri til að segja skoðun sína í kennslustundum.
- 43,18% höfðu fengið kynningu á nemendaráði og 38,64% sögðust hafa fengið bæði kynningu á nemendaráði og skólaráði. 81,4 % finnst þau hafa möguleika á því að bjóða sig fram í þau ráð.
- 25% (n= 11) svara því að það sé enginn innan skólans sem þau geta leitað til þegar þeim líður ekki vel.

Helstu niðurstöður – starfsfólk og kjörnir fulltrúar.

- 100% höfðu heyrt um Barnasáttmálann og 71% gátu nefnt fjögur réttindi barna.
- 93% töldu börn alltaf eiga rétt á að tjá sig og 96% töldu Barnasáttmálann gilda um öll börn.
- 39% höfðu ekki fengið fræðslu um réttindi barna eða voru ekki vissir.
- 48,84% taldi börn hafa áhrif á mál sem þau varða í þeirra starfi og 26% sögðu já en þau gætu haft meiri áhrif.
- 76,74% telur sig hafa svigrúm í starfi til að leita eftir viðhorfum barna.
- 92,31% vita hvernig eigi að bregðast við ef grunur kemur upp um að barn sé beitt ofbeldi eða búi við vanrækslu
- 62,79% er mjög sammála ákvörðun sveitarfélagsins að innleiða Barnasáttmálann inn í allt starf og stefnumótun sveitarfélagsins. 30,23% sammála og 6,98% hlutlaus. Enginn ósammála eða mjög ósammála.

10. Var eitthvað sem kom stýrihópi á óvart?

- Kynning/þekking á ungmennaráðinu væri ekki meiri.
- Kom á óvart hversu hátt hlutfall barna upplifi að það sé enginn innan skólans sem þau geta leitað til þegar þeim líður ekki vel.
- Það kom ánægjulega á óvart hve margir þekkja til Barnasáttmálans
- Einnig ánægjulegt hversu hátt hlutfall telur mjög gott, gott eða frekar gott að búa í Hvalfjarðarsveit.

Barnaþing

11. Hvernig var skipulagi og framkvæmd barnaþings háttað?

Barnaþingið fór fram í Heiðarskóla miðvikudaginn 23. apríl 2025 og var skipulagt sem málstofur og umræður þar sem börnin fengu tækifæri til að ræða málefni sem þeim eru hugleikin. Þau unnu saman að veggspjöldum, tóku virkan þátt í umræðum og kynntu niðurstöður sínar.

Áhersla var lögð á að skoða hvernig bæta mætti samfélagið og nærumhverfið út frá sjónarhorni barnanna. Meðal umræðuefna voru geðheilsa og aðgengi að aðstoð,

tómstundir og skemmtanir, vellíðan í skólanum, tækninotkun og skjátfími, öryggi í nærumhverfinu, umhverfismál, samgöngur, réttindi barna og þátttaka í ákvarðanatöku. Einnig voru börnin hvött til að koma með ný umræðuefni.

12. Hvert var hlutverk ungmennaráðs?

Ungmennaráð Hvalfjarðarsveitar tók þátt í undirbúningi barnþingsins, voru gestgjafar þar sem þau kynntu barnþingið og tóku þátt á sjálfum deginum með því að vera borðstjórar og þökkuðu fyrir í lok dags.

13. Hvernig gekk framkvæmdin og hver var þátttakan?

Framkvæmd barnþingsins gekk afar vel og börnin sýndu mikinn metnað og sköpunargleði. Um 50 börn úr 5. til 10. bekk í Heiðarskóla tóku þátt í viðburðinum.

14. Hverjar voru helstu niðurstöður barnþings?

Sjá helstu niðurstöður í samantekt [Barnþing í Hvalfjarðarsveit – samantekt.](#)

15. Var niðurstöðum deilt með þátttakendum þingsins?

Já, börnin kynntu niðurstöður sínar í lok vinnunnar, þannig að þátttakendur fengu tækifæri til að sjá og heyra hvað kom fram í öðrum hópum. Kynning á aðgerðaráætlun fór fram á öllum stigum í Heiðarskóla, þar á meðal var kynnt aðgerðir sem nú þegar var búið að bregðast við.

Sérfræðihópar barna

1. Við hvaða hópa barna ákvað stýrihópurinn að þarft væri að ræða við sérstaklega?

Talið er að allir hafi fengið svigrúm til að taka þátt, þar sem öllum var boðin þátttaka í 5 til 10 bekk. Einnig hélt yngsta stigið (1-4 bekkur) barnþing sem var minna í sniðum, það er sérfræðihópur sem rætt var við.

Einnig var óskað eftir svörum frá íbúum Hvalfjarðarsveitar á aldrinum 16 til 20 ára við þremur spurningum, í þeim tilgangi að fá fram fjölbreytt sjónarmið ungmenna.

2. Hvernig nýttust niðurstöður leiðbeinandi spurningalista, spurningakannananna og niðurstöður barnþings þegar kom að því að ákveða við hvaða hópa barna þyrfti að ræða?

Þær niðurstöður veittu okkur gott yfirlit yfir áherslur barna almennt. Börn sem myndu geta fallið undir að vera í sérfræðihópum, börn með fatlanir og börn með annað móðumál en íslensku tóku öll þátt í barnþinginu og svöruðu spurningakönnun. Þau börn sem þurftu sérstakan stuðning fengu hann. Sveitarfélagið okkar er lítið og var því öllum börnum í sveitarfélaginu frá 5 til 10 bekk boðið að taka þátt og því ekki um að ræða úrtak heldur heildarþýði. Þeir sem af

einhverri ástæðu tóku ekki þátt í barnþinginu eru í virku samtali við Velferðar- og fræðsludeild sveitarfélagsins.

3. Hvernig var framkvæmd og skipulagi rýnihópaviðtalanna háttað

Barnþing fyrir yngsta stigið, 1-4 bekk var sérfræðihópur sem rætt var við. Unnið var með svipað fyrirkomulag og á barnþinginu fyrir 5-10 bekk. Farið er yfir framkvæmd og skipulag hér: [Barnþing yngsta stig 2025.](#)

Óskað var eftir svörum frá íbúum Hvalfjarðarsveitar á aldrinum 16 til 20 ára við þremur spurningum sem voru hýstar inn á íbúagátt sveitarfélagsins. Auglýst var eftir svörum með frétt á heimasíðunni og inn á samfélagsmiðlum, sjá [hér](#). Engin svör bárust. Það er því ákveðið verkefni fyrir sveitarfélagið að finna leiðir til að ná til ungmenna á þessum aldri. Nú þegar hefur farið fram umræða hjá ungmennráðinu og er stefnt að því að nýta samfélagsmiðla í meira mæli en áður til að ná til ungmenna.

4. Hvernig var unnið úr niðurstöðum viðtalanna?

Kennari skráði niður þær niðurstöður sem komu fram, sjá hér: [Barnþing yngsta stig 2025.](#) Kynning á aðgerðaráætlun, sem meðal annars er byggð á niðurstöðum barnþings á yngsta stigi, fór fram á öllum stigum í Heiðarskóla.

5. Hverjar voru helstu niðurstöður viðtalanna?

Sjá helstu niðurstöður í samantekt [Barnþing yngsta stig 2025.](#)

Aðgerðaáætlun Hvalfjarðarsveitar 2026 - 2031

Hér að neðan verða teknar saman þær aðgerðir sem mynda aðgerðaáætlun Hvalfjarðarsveitar vegna innleiðingar Barnasáttmálans. Einnig er farið yfir undir hverri og einni aðgerð framkvæmd aðgerðar.

1. Jafna tækifæri til íþrótt- og frístundaiðkunnar

Markmið aðgerðarinnar er að styðja við og jafna tækifæri barna og ungmenna til þátttöku í íþrótt- og frístundastarfi með því að hækka frístundastyrk um 10.000 kr á hvert barn. Nú þegar er veittur sérstakur íþrótt- og frístundastyrkur til barna og ungmenna á tekjulágum heimilum að fjárhæð 30.000 kr. á ári, til viðbótar.

Mæling

	Þrjú stig árangurs fyrir börn	
Aðgerðir (1-2 ár)	Afurðir (3-4 ár)	Áhrif (5+ ár)
Hækka frístundastyrk um 10.000.- á hvert barn.	Meiri hluti barna í sveitarfélaginu stunda íþróttir- og tómstundir	Bætt vellíðan barna.

<p>Mælingar og gagnaöflun: Fjárhagsáætlun geri ráð fyrir hækkun á frístundastyrk.</p>	<p>Mælingar og gagnaöflun: Skoða nýtingarhlutfall frístundastyrks og iðkendatölur frá ÍA í samræmi við barnafjölda. Einnig verði gögn nýtt til að greina hvaða börn eru ekki að nota styrkinn.</p>	<p>Mælingar og gagnaöflun: Mælt í skólapúlsinum, spurningar í þriðja hluta 2-5 bekkur. Sp. 2.3 6-10 bekk.</p>
--	---	--

Tenging við stöðumat

Samkvæmt niðurstöðum Barnþings telja sum börn í Hvalfjarðarsveit sig ekki hafa jöfn tækifæri til að stunda íþróttir. Ástæðurnar eru meðal annars kostnaður við íþrótt- og frístundastarf. Börn kalla því eftir betri stuðningi og styrkjum.

Ábyrgðaraðili

Sveitarstjórn ber ábyrgð á því að samþykkja hækkun á frístundastyrk.

Velferðar- og fræsludeild ber ábyrgð á mælingum og gagnaöflun.

Fjárbörf

Veittur er styrkur til 0 til 18 ára, fjárbörf fer eftir fjölda barna á því aldursbili ár hvert. Árið 2026 er aukin fjárbörf við það að hækka frístundastyrk um 10.000.- á barn, í heildina 2.000.000.- Einnig er um að ræða vinnuframlag starfsfólks.

Grunnþættir Barnvæns sveitarfélags

Grein 2. Öll börn eru jöfn. Jafnræði – að horft sé til réttinda allra barna

Aðgerðin stuðlar að því að öll börn hafi jöfn tækifæri til þátttöku í íþrótt- og tómstundastarfi.

Grein 3. Það sem barninu er fyrir bestu

Við ákvarðanatöku um hækkun frístundastyrks er litið til hagsmuna barna og velferðar þeirra sem forgangsatriðis.

Grein 6. Líf og þroski. Barnvæn nálgun.

Með auknum stuðningi við þátttöku barna í skipulögðu frístundastarfi er stuðlað að bættri líkamlegri og andlegri heilsu barna, aukinni félagslegri tengingu og vellíðan.

Tenging við Barnasáttmálann

Grein 31 – Hvíld, leikur, menning og listir

Tryggir rétt barna til þátttöku í tómstundum, leik og menningar- og íþróttastarfi með því að draga úr fjárhagslegum hindrunum.



Framkvæmd aðgerðar:

Búið er að hækka frístundastyrkinn og er hann nú meðal þeirra hæstu á landinu, sjá reglur [hér](#). Hækkunin tók gildi um áramótin og þar sem stutt er liðið af árinu er enn of snemmt að leggja mat á hvort þátttaka hafi aukist. Þann 22. Apríl 2026 höfðu 91 börn nýtt frístundastyrk frá 1. janúar. Heildarfjöldi barna á aldrinum 0–18 ára í Hvalfjarðarsveit er 127 og hafa því 71,7% barna í sveitarfélaginu nýtt frístundastyrkinn.

Fjárhagsáætlun Hvalfjarðarsveitar 2026-2029 má sjá [hér](#).

2. Íþróttir- og frístundastarf í heimabyggð

Markmið aðgerðarinnar er að í boði sé íþrótt- og frístundastarf og/eða námskeið í heimabyggð fyrir þá sem kjósa það. Samstarf verður hafið við ungmenna- og íþróttafélag Hvalfjarðarsveitar og önnur íþróttafélög í nágrenninu er varðar æfingar í nýju íþróttahúsi/sundlaug í samfélagsmiðstöðinni Heiðarborg.

Mæling

Þrjú stig árangurs fyrir börn		
Aðgerðir (1-2 ár)	Afurðir (3-4 ár)	Áhrif (5+ ár)
Æfingar/ námskeið í Heiðarborg.	Reglulegir æfingartímar og/eða námskeið í samfélagsmiðstöðinni	
Vel búinn þreksalur verði settur upp samfélagsmiðstöðinni Heiðarborg sem hentar ungmennum.	Heiðarborg Fleiri börn í sveitarfélaginu stunda íþróttir (í eða utan heimabyggðar)	Bætt vellíðan barna
Mælingar og gagnaöflun: Sjá dagskrá í stundatöflu Heiðarborgar.		
Bókun (ákvörðun) sveitarstjórnar um uppbyggingu þreksals og kaup á tækjum.	Mælingar og gagnaöflun: Mætingatölur ásamt nýtingu frístundastyrks.	Mælingar og gagnaöflun: Mælt í skólalúsinum, spurningar í þriðja hluta 2-5 bekkur. Sp. 2.3 6-10 bekk.
Samtal Velferðar- og fræðsludeild.		

Tenging við stöðumat

Samkvæmt niðurstöðum sérfræðihóps (barnáping á yngsta stigi) þá vilja yngri börn að það sé möguleiki að stunda íþróttir- og frístundir, hvort sem það er námskeið eða reglulegar æfingar, í heimabyggð. Hluti barna telur fjarlægð vera hindrun í vegi fyrir íþrótt- og frístundaiðkun þeirra.

Á barnápinginu kom fram ósk barnanna að hafa meira í boði í þreksalnum.

Ábyrgðaraðili

Velferðar- og fræðsludeild

Fjárbörf

Útlagður kostnaður fyrir sveitarfélagið felst í vinnuframlagi starfsmanns og innri leigu af íþróttamannvirki.

Grunnpættir Barnvæns sveitarfélags

Grein 2. Öll börn eru jöfn. Jafnræði – að horft sé til réttinda allra barna

Aðgerðin stuðlar að jöfnum tækifærum barna til þátttöku í íþrótt- og tómstundastarfi. Með því að bjóða upp á starf í heimabyggð er dregið úr hindrunum sem geta takmarkað þátttöku barna.

Grein 6. Líf og Þroski. Barnvæn nálgun

Með því að skipuleggja íþrótt- og tómstundastarf í nærumhverfi barna er tekið mið af þörfum þeirra og daglegu lífi, sem styður við aðgengi, öryggi og vellíðan barna.

Tenging við Barnasáttmálann

Grein 31 – Hvíld, leikur, menning og listir

Tryggir rétt barna til að stunda íþróttir og tómstundir í öruggu og aðgengilegu umhverfi.



Framkvæmd aðgerðar:

Ungmenna- og íþróttafélag Hvalfjarðsveitar hefur staðið fyrir sundnámskeiði í Heiðarborg, haustið 2025 og vorið 2026. Sjá viðauka 1. Einnig hefur sveitarfélagið samþykkt að veita styrk til félagsins til að halda úti fótbolta námskeiði í nýju íþróttahúsi sem og dansnámskeiði.

Sveitarfélagið hefur fest kaup á þrektækjum frá Technogym sem eru vönduð og notendavæn líkamsræktartæki sem henta vel ungmendum. Tækin bjóða upp á örugga og stillanlega mótstöðu, sem gerir ungu fólki kleift að æfa á sínum eigin forsendum og byggja upp styrk, þol og hreyfifærni á öruggan hátt. Tækin eru hönnuð með einfaldri notkun og góðri líkamsstöðu í huga, sem dregur úr líkum á álagsmeiðslum og auðveldar byrjendum að tileinka sér rétta tækni. Technogym býður einnig upp á snjallar lausnir og stafræna tengingu sem getur aukið áhuga og hvata ungmenna til reglulegrar hreyfingar.

Ungmennaráð fékk kynningu á tækjunum áður en tekin var ákvörðun um kaup þeirra. Einnig heimsótti ráðið verkstaðinn, þar sem verkefnastjóri framkvæmda og eigna fór með þeim um svæðið, sjá mynd.



Kynning á aðgerðaráætlun fór fram á öllum stigum í Heiðarskóla, þar sem nemendum var gefið tækifæri til að leggja fram hugmyndir um íþrótt- og frístundastarf í heimabyggð. Unnið verður áfram með þær tillögur innan velferðar- og fræðsludeildar.

3. Forvarnarverkefni fyrir foreldra – Invest in Play

Markmiðið er að efla samstarf sveitarfélags og foreldra til að styðja við velferð barna. Verkefnið felur í sér fræðslu og foreldranámskeið innan leikskóla, sem styður foreldra í að takast á við uppeldisáskoranir með jákvæðum og markvissum hætti og efla samstarf heimila og skóla.

Mæling

Þrjú stig árangurs fyrir börn		
Aðgerðir (1-2 ár)	Afurðir (3-4 ár)	Áhrif (5+ ár)
Sveitarstjórn hafi ákveðið að hefja innleiðingu og sveitarfélagið er komið á lista hjá Miðstöð menntar- og skólaþjónustu um þátttöku á námskeiði fyrir leiðbeinendur.	Búið verði að halda námskeið tvisvar og námskeiðin séu vel sótt.	Farsælt foreldrasamstarf og aukin vellíðan barna.

Mælingar og gagnaöflun:

Bókun sveitarstjórnar um innleiðingu og staðfesting á þátttöku frá MMS.

Mælingar og gagnaöflun:

Þátttökutölur frá námskeiði

Mælingar og gagnaöflun:

Mælt í skólapúlsinum, spurningar í þriðja hluta 2-5 bekkur. Sp. 2.3 6-10 bekk. Spurningar í fjórða hluta foreldrakönnunarinnar f. grunnskóla "Foreldrasamstarf" og þriðja hluta f. leikskóla "Samskipti við foreldra"

Tenging við stöðumat

Tengingin við stöðumatið kom fram á barnþingi þar þar sem börn lögðu áherslu á mikilvægi þess að foreldrar og skóli vinni nánar saman að velferð barna.

Ábyrgðaraðili

Velferðar- og fræðsludeild ber ábyrgð á því að hefja verkefnið í samstarfi við leikskólann Skýjaborg. Sveitarstjórn ber ábyrgð á því að samþykkja innleiðingu á verkefni og fjármagn. Leiðbeinendur frá Hvalfjarðarsveit.

Fjárbörf

Kostnaðurinn felur í sér að 3-5 aðilar fara á námskeið til að geta leitt námskeiðin. Einnig er greitt námskeiðsgjald, sem eru um 115.000.- á hvern starfsmann. Einnig vinnuframlag starfsmanna, tími sem fer í að fara á námskeiðið o.fl.

Grunnpættir Barnvæns sveitarfélags

Grein 42. Allir verða að þekkja réttindi barna. Þekking á réttindum barna

Með fræðslu og foreldranámskeiðum er stuðlað að aukinni þekkingu foreldra á réttindum barna og mikilvægi jákvæðs uppeldis, í samræmi við Barnasáttmálann. Þetta styrkir hæfni foreldra til að styðja við velferð og þroska barna sinna.

Grein 3. Það sem er barninu fyrir bestu

Verkefnið miðar að því að efla farsælt foreldrasamstarf og skapa umhverfi þar sem tekið er mið af velferð, öryggi og heildrænum þroska barna í leik- og grunnskóla.

Grein 6. Líf og þroski. Barnvæn nálgun

Aðgerðin byggir á samstarfi sveitarfélags, skóla og heimila og styður við barnvæna nálgun þar sem foreldrar eru virkir þátttakendur í uppeldi og skólastarfi barna. Með auknum stuðningi við foreldra er stuðlað að heilbrigðum félagslegum, tilfinningalegum og andlegum þroska barna.


Tenging við Barnasáttmálann

Grein 5 – Leiðsögn fjölskyldu

Verkefnið styður foreldra í uppeldishlutverki sínu með fræðslu og leiðsögn, í samræmi við aldur og þroska barna.

Grein 18 – Ábyrgð foreldra

Aðgerðin byggir á ábyrgð foreldra á uppeldi og velferð barna.



Framkvæmd aðgerðar:

Á fundi Velferðar- og fræðslunefndar þann 7. apríl 2026, sjá [hér](#) var eftirfarandi bókað: *Lagt er fram erindi um verkefnið Invest in Play - Tengjumst í leik, sem snýr að mikilvægi leiks, tengslamyndunar og þátttöku barna í uppbyggilegu og styðjandi umhverfi.*

Hvalfjarðarsveit hefur tekið ákvörðun innleiða verkefnið Invest in play eða á íslensku „Tengjumst í leik“. Markmið verkefnisins er að valdefla foreldra og forsjáraðila og styðja við farsæld barna með námskeiðum og fræðslu innan leik- og grunnskóla. Verkefnið er hluti af því að efla grunnþjónustu fjölskyldna í samræmi við ný farsældarlög og telst til forvarnarverkefna sem er í boði fyrir alla uppalendur.

Verkefnið felur í sér fræðslu og foreldranámskeið innan leik- og grunnskóla, sem styðja foreldra í að takast á við uppeldisáskoranir með jákvæðum og markvissum hætti og efla samstarf heimila og skóla.

Velferðar- og fræðsludeild í samvinnu við Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar munu hefja undirbúning á innleiðingarferli sem tekur um eitt ár.

Í viðauka 2 má sjá staðfestingu frá Miðstöð menntundar- og skólajónustu.

4. Fjölga göngu- og hjólstígum í sveitarfélaginu.

Markmiðið er að gera aðgengi á milli staða í sveitarfélaginu betra og öruggara með því að fjölga göngu- og hjólastígum. Áhersla lögð á göngustíg á milli Melahverfis og Heiðarskóla.

Mæling

Aðgerðir (1-2 ár)	Þrjú stig árangurs fyrir börn Afurðir (3-4 ár)	Áhrif (5+ ár)
Byrjað er að vinna að skipulagningu á göngustígum í samráði við hagsmunaaðila. Sér í lagi horft til göngustíg á milli Melahverfis og Heiðarskóla.	Stígagerð hafin.	Stígagerð lokið.
Mælingar og gagnaöflun: Bókun (ákvörðun) samþykkt í sveitarstjórn. Samtal við Umhverfis- og skipulagsdeild.	Mælingar og gagnaöflun: Myndir	Mælingar og gagnaöflun: Myndir.

Tenging við stöðumat

Samkvæmt niðurstöðum barnáþings þá kom fram skýrt ákall um að fjölga göngu- og hjólastígum, sér í lagi á milli Melahverfis og Heiðarskóla/Heiðarborgar.

Ábyrgðaraðili

Umhverfis- og skipulagsdeild ber ábyrgð á skipulagningu og framkvæmd lagningu stíga í samstarfi við Mannvirkja- og framkvæmdarnefnd og Umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar- og landbúnaðarnefnd. Sveitarstjórn ber ábyrgð á því að veita fjármagn til verkefnisins.

Fjárbörf

Kostnaðurinn felur í sér vinnuframlag starfsfólks. Endanlegur kostnaður við skipulag og lagningu stígar er óljós.

Grunnpættir Barnvæns sveitarfélags

Grein 2. Öll börn eru jöfn. Jafnræði – að horft sé til réttinda allra barna

Með því að bæta aðgengi milli hverfa er stuðlað að jöfnum tækifærum barna til að komast á milli staða.

Grein 3. Það sem er barninu fyrir bestu

Aðgerðin miðar að því að tryggja öryggi barna í daglegu lífi með bættri aðgengis- og samgönguinnviðum. Með öruggari göngu- og hjólastígum er stuðlað að sjálfstæði barna, öryggi þeirra á leið milli heimilis, skóla og frístunda og heildarvelferð.

Grein 6. Líf og þroski. Barnvæn nálgun

Aðgerðin styður við líkamlegan, félagslegan og andlegan þroska barna með því að hvetja til hreyfingar og sjálfstæðra ferða í öruggu umhverfi.


Tenging við Barnasáttmálann

Grein 31 – Hvíld, leikur, menning og listir

Öruggar samgönguleiðir styðja við aðgengi barna að leik, tómstundum og félagsstarfi í nærumhverfi.

Grein 24 – öruggt umhverfi

Aðgerðin stuðlar að öruggu umhverfi barna með því að bæta göngu- og hjólastíga og auka öryggi þeirra á leið milli heimilis, skóla og tómstunda.



Framkvæmd aðgerðar:

Á fundi Mannvirkja- og framkvæmdarnefndar þann 3. febrúar 2026, sjá [hér](#) var eftirfarandi bókað:

Umræður fóru fram um stígagerð og önnur verkefni í Hvalfjarðarsveit. Mannvirkja- og framkvæmdarnefnd samþykkir að hefja undirbúning og leiðaval vegna nýrra verkefna á komandi árum, í samræmi við framkvæmdaáætlun Hvalfjarðarsveitar. Undirbúningur verði unninn í samráði við umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar- og landbúnaðarnefnd, auk annarra hagsmunaaðila.

Áfram verður haft samráð við ungmennaráð við undirbúning og framkvæmd verkefnisins.

5. Aukin fræðsla fyrir börn og ungmenni í Hvalfjarðarsveit

Mótuð verði forvarnar og fræðsluáætlun sem nær yfir alla árganga grunnskóla og leikskóla. Einnig verður mótuð fræðsluáætlun fyrir foreldra.

Mæling

Þrjú stig árangurs fyrir börn		
Aðgerðir (1-2 ár)	Afurðir (3-4 ár)	Áhrif (5+ ár)
Forvarna- og fræðsluáætlun tilbúin.	Farið er eftir forvarnar og fræðsluáætlun.	Öflugri og markvissari fræðsla.
Mælingar og gagnaöflun: Skjöl.	Mælingar og gagnaöflun: Upplýsingar frá Heiðarskóla og Velferðar- og fræðsludeild.	Mælingar og gagnaöflun: Upplifun barnanna, samtal tekið á barnapingi.

Tenging við stöðumat

Niðurstöður úr barnþingi sýna að ungmenni kalla eftir meiri og fjölbreyttari fræðslu um alls kyns málefni.

Ábyrgðaraðili

Velferðar- og fræðsludeild, sem og Velferðar- og fræðslunefnd í samstarfi við Heiðarskóla.

Fjárbörf

Vinnuframlag starfsmanna í Velferðar- og fræðsludeild. Kostnaðurinn ef um er að ræða aðkeypt fræðsluerindi.

Grunnpættir Barnvæns sveitarfélags

Grein 42. Allir verða að þekkja réttindi barna. Þekking á réttindum barna

Með markvissri fræðslu fyrir börn og ungmenni um líf, heilsu, samskipti og forvarnir er stuðlað að aukinni vitund þeirra um eigin réttindi í samræmi við Barnasáttmálann.

Grein 3. Það sem er barninu fyrir bestu

Aðgerðin miðar að því að styrkja verndandi þætti í lífi barna og ungmenna með snemmtækri og aldursviðeigandi fræðslu sem styður við velferð þeirra og öryggi.

Grein 6. Líf og þroski. Barnvæn nálgun

Forvarnar- og fræðsluáætlunin styður við heilðrænan þroska barna og ungmenna, bæði líkamlegan, andlegan og félagslegan, og eflir færni þeirra til að takast á við áskoranir daglegs lífs.

Grein 12. Virðing fyrir skoðunum barna. Þátttaka barna

Við mótun fræðsluáætlunar er tekið mið af sjónarmiðum barna og ungmenna, meðal annars með hliðsjón af niðurstöðum barnþings, þar sem kallað var eftir meiri og fjölbreyttari fræðslu.

Tenging við Barnasáttmálann

Grein 17 – Aðgangur að upplýsingum

Tryggir að börn og ungmenni hafi aðgang að viðeigandi, áreiðanlegum og aldursmiðaðum upplýsingum.



Framkvæmd aðgerðar:

Hvalfjarðarsveit á fulltrúa í Farsældarráði Vesturlands sem er svæðisfundið farsældarráð skv. 5. gr. laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021. Í Farsældarráði Vesturlands er unnið að áætlun um svæðisbundna forgangsröðun aðgerða og verður ein af þeim aðgerðum sameiginleg forvarnaráætlun á Vesturlandi. Forvarnaráætlunin er í vinnslu og mun sveitarfélagið fylgja þeirri stefnu í sínum störfum.

Hvalfjarðarsveit er einnig með forvarnaráætlun, sjá [hér](#). Var hún uppfærð í apríl 2026.

Kynning á aðgerðaráætlun fór fram á öllum stigum í Heiðarskóla, þar sem nemendum var gefið tækifæri til að leggja fram hugmyndir um fræðslu. Unnið verður áfram með þær tillögur innan velferðar- og fræðsludeildar og ungmennráðs.

6. Hlutlaus aðili sem er hægt að leita til

Markmiðið er að auka hlutfall barna sem upplifa að þau hafi einhvern til að leita til þegar þeim líður ekki vel í skólanum. Kynna á fyrir börnum eðli og umfang farsæld barna og þar með talið hverjir eru tengiliðir. Upplýsingabréf sent til foreldra um hverjir þeir aðilar eru.

Mæling

Aðgerðir (1-2 ár)	Þrjú stig árangurs fyrir börn Afurðir (3-4 ár)	Áhrif (5+ ár)
Hlutlaus aðili/ tengiliðir í skólanum sem er hægt að leita til, kynnt fyrir börnum (tengiliðir farsældar) og upplýsingabréf sent til foreldra um hverjir þeir aðilar eru.	Aukið hlutfall barna upplifa að það sé einhver sem þau geta leitað til innan skólans.	Viðhalda og/eða auka enn frekar hlutfall barna sem upplifa að það sé einhver sem þau geta leitað til innan skólans.
Mælingar og gagnaöflun: Samtal við skólastjórnendur. Sjá bréf til foreldra. Mælt í stöðumati, spurningakönnun. Spurning nr. 22 „Finnst þér þú geta leitað til einhvers fullorðins innan skólans ef þér líður ekki vel? (Merkja má við fleiri möguleika)“	Mælingar og gagnaöflun: Mælt í stöðumati, spurningakönnun. Spurning nr. 22 „Finnst þér þú geta leitað til einhvers fullorðins innan skólans ef þér líður ekki vel? (Merkja má við fleiri möguleika)“	Mælingar og gagnaöflun: Mælt í stöðumati, spurningakönnun. Spurning nr. 22 „Finnst þér þú geta leitað til einhvers fullorðins innan skólans ef þér líður ekki vel? (Merkja má við fleiri möguleika)“

Tenging við stöðumat

Samkvæmt niðurstöðum spurningakönnunar meðal nemenda upplifa ekki öll börn að þau geti leitað til einhvers fullorðins innan skólans ef þeim líður ekki vel.

Ábyrgðaraðili

Velferðar- og fræðsludeild og leik- og grunnskólinn.

Fjárbörf

Vinnuframlag starfsmanna í Velferðar- og fræðsludeild.

Grunnpættir Barnvæns sveitarfélags

Grein 2. Öll börn eru jöfn. Jafnræði – að horft sé til réttinda allra barna

Tryggir að öll börn, óháð aðstæðum, hafi jafnan aðgang að stuðningi og ráðgjöf innan skólans.

Grein 3. Það sem er barninu fyrir bestu

Aðgerðin miðar að því að tryggja að börn upplifi öryggi og stuðning í skólaumhverfi með því að hafa aðgengilegar, skýrar og öruggar samskiptaleiðir við hlutlausan aðila. Með því er stuðlað að snemmtækri íhlutun þegar börnum líður ekki vel.

Grein 6. Líf og þroski. Barnvæn nálgun

Öruggt aðgengi að stuðningi styður við andlegan, félagslegan og tilfinningalegan þroska barna og eflir getu þeirra til að takast á við áskoranir í daglegu lífi.

Tenging við Barnasáttmálann

Grein 13 – Frelsi til að deila hugmyndum sínum

Börn eiga rétt á að deila hvernig þeim líður með öðrum.



Framkvæmd aðgerðar:

Ungmennaráð ásamt umsjónarmanni Barnvæns sveitarfélags, oddvita og tengiliðum farsældar héldu kynningu fyrir alla nemendur í Heiðarskóla, hvert skólastig fyrir sig. Þar var farið yfir aðgerðaráætlunina, hlutverk ungmennaráðs, ábendingarhnappinn og

tengiliði farsældar. Í kjölfarið var sent bréf til foreldra þar sem upplýst var um tengilið farsældar, sjá í viðauka 3.

Lögð var fyrir spurningarkönnun í vikunni 20-24 apríl apríl. Í þeim niðurstöðum kom fram að í 5-10 bekk segja 71,43% að það sé einhver fullorðinn einstaklingur innan skólans sem þeim finnst þau geta leitað til ef þeim líður ekki vel og 92% segja já í 1-4 bekk. Í fyrri mælingu kom fram að 75% segja að það sé einhver fullorðinn einstaklingur innan skólans sem þeim finnst þau geta leitað til. Áfram verður unnið að því að finna leiðir til að takast á við þetta málefni, með það að markmiði að fleiri börn finnist þau geta leitað til fullorðins innan skólans ef þeim líður ekki vel.

7. Ungmennaráð Hvalfjarðarsveitar

Markmið aðgerðar er að efla ungmennaráðið í sveitarfélaginu og formlegs samráðs við sveitarstjórn. Árleg kynning ungmennaráðs í efstu bekkjum Heiðarskóla fest í setti í starfsreglum ungmennaráðs. Settur verður upp ábendingakassi á hverju skólastigi, þar sem hugmyndir og ábendingar berast fulltrúum ungmennaráðs til vinnslu.

Mæling

Þrjú stig árangurs fyrir börn		
Aðgerðir (1-2 ár)	Afurðir (3-4 ár)	Áhrif (5+ ár)
Hugmyndakassi er til staðar á áberandi stað, aðgengilegur fyrir öll stig skólans. Búið er að festa kynningu á starfsemi ungmennaráðs í sessi í starfsreglum ungmennaráðs.	Fjölbreyttari mál koma til umræðu á ungmennaráðsfundum að frumkvæði ungmenna og reglulegt samstarf við sveitarstjórn.	Ungmenni upplifa að þau hafi tækifæri til að koma sínum málum á framfæri.
Mælingar og gagnaöflun: Myndir af hugmyndakössum og texti úr starfsreglum.	Mælingar og gagnaöflun: Fundargerðir ungmennaráðs	Mælingar og gagnaöflun: Umræða á barnþingi.

Tenging við stöðumat

Samkvæmt niðurstöðum spurningakannana voru ekki öll börn kunnug starfsemi ungmennaráðs. Með því að bæta úr því má jafnframt koma til móts við niðurstöður barnþings um vilja barna til að fá tækifæri til að koma málum sínum á framfæri. Ábendingarkassi styður einnig við það síðarnefnda.

Ábyrgðaraðili

Velferðar- og fræðsludeild sér um kynningu í efstu bekkjum Heiðarskóla í samstarfi við sveitarstjórn. Starfsfólk skólar sér um að koma upp ábendingakassa á hverju skólastigi í Heiðarskóla.

Fjárförf

Vinnuframlag starfsfólks.

Grunnþættir Barnvæns sveitarfélags

Grein 12. Virðing fyrir skoðunum barna. Þátttaka barna

Aðgerðin miðar að því að efla raunverulega þátttöku ungmenna í málefnum sveitarfélagsins með því að styrkja hlutverk ungmennaráðs og tryggja formlegt og reglulegt samráð við sveitarstjórn. Með árlegri kynningu í Heiðarskóla er stuðlað að því að fleiri ungmenni þekki til ráðsins og hafi tækifæri til þátttöku.

Grein 2. Öll börn eru jöfn. Jafnræði – að horft sé til réttinda allra barna

Með markvissri kynningu og aðgengi að ungmennaráði er stuðlað að því að öll ungmenni, óháð bakgrunni eða aðstæðum, hafi jafna möguleika til að láta rödd sína heyrast og taka þátt í lýðræðislegu starfi.

Grein 42. Allir verða að þekkja réttindi barna. Þekking á réttindum barna

Starf ungmennaráðs og tenging þess við sveitarstjórn stuðlar að aukinni vitund ungmenna um rétt sinn til þátttöku, áhrif og lýðræðislega ábyrgð.

Tenging við Barnasáttmálann

Grein 13 – Frelsi til að deila hugmyndum sínum

Ungmennaráð veitir ungmendum frelsi og farveg til að tjá skoðanir sínar, hugmyndir og ábendingar um málefni sem snerta sveitarfélagið.



Framkvæmd aðgerðar:

Ungmennaráð ásamt umsjónarmanni Barnvæns sveitarfélags, oddvita og tengiliðum farsældar héldu kynningu fyrir alla nemendur í Heiðarskóla, hvert skólastig fyrir sig. Þar var farið yfir aðgerðaráætlunina, hlutverk ungmennaráðs, ábendingarhnappinn og tengiliði farsældar.

Búið er að uppfæra starfsreglur ungmennráðs þar sem fest er í sessi að ungmennaráðið sé kynnt á hverju ári fyrir nemendum Heiðarskóla.

Hugmyndakassi er einnig kominn upp og hann hefur verið vel kynntur. Yngsta stig Heiðarskóla sá um að útbúa kassann. Sjá mynd hér:



8. Yfirfara stefnur Hvalfjarðarsveitar m.t.t. réttinda barna

Markmið aðgerðarinnar er að stefnur Hvalfjarðarsveitar taki í auknum mæli mið af börnum, réttindum þeirra og fjölbreytileika, jafnframt því að Barnasáttmálinn verði gerður sýnilegri.

Mæling

Þrjú stig árangurs fyrir börn		
Aðgerðir (1-2 ár)	Afurðir (3-4 ár)	Áhrif (5+ ár)
Menntastefnan, frístundastefnan og jafnréttisstefnan eru tengdar við Barnasáttmálann.	Allar nýjar stefnur og áætlanir taki mið af börnum, réttindum þeirra og fjölbreytileika.	Aukin sýnileiki Barnasáttmálans og almenn þekking starfsfólks og kjörinna fulltrúa á honum.
Yfirfara mannauðsstefnuna, forvarnarstefnuna og stefnu Hvalfjarðarsveitar gegn einelti, kynbundnu og kynferðislegri áreitni og ofbeldi hafa verið yfirfarnar m.t.t. réttinda barna.		

Mælingar og gagnaöflun: Sjá í stefnum sveitarfélagsins.

Mælingar og gagnaöflun: Sjá í stefnum sveitarfélagsins.

Mælingar og gagnaöflun:
Sjá í stefnum sveitarfélagsins og við stöðumat, spurningakönnun. Spurningar nr. 1, 2, 3, 4, 5, 6.

Tenging við stöðumat

Niðurstöður spurningalista sýna að tækifæri er til úrbóta og að auka megi hlutfall þeirra sem þekkja til Barnasáttmálans.

Ábyrgðaraðili

Sveitarstjóri ásamt deildarstjóra Velferðar- og fræðsludeildar og deildarstjóra Umhverfis- og skipulagsdeildar.

Fjárbörf

Vinnuframlag starfsfólks.

Grunnpættir Barnvæns sveitarfélags

Grein 42. Þekking á réttindum barna

Með yfirferð og uppfærslu stefna og áætlana er stuðlað að aukinni þekkingu starfsfólks og kjörinna fulltrúa á réttindum barna og skyldum sveitarfélagsins samkvæmt Barnasáttmálanum.

Grein 3. Það sem er barninu fyrir bestu

Aðgerðin tryggir að hagsmunir barna séu hafðir að leiðarljósi við stefnumótun og áætlanagerð sveitarfélagsins og að áhrif ákvarðana á börn séu metin markvisst.

Grein 2. Öll börn eru jöfn. Jafnræði – að horft sé til réttinda allra barna

Við endurskoðun stefna og áætlana er tekið mið af fjölbreytileika barna og tryggt að jafnræði og aðgengi allra barna sé haft í huga, án mismununar.

Tenging við Barnasáttmálann

Grein 4 – Réttindi gerð að veruleika

Endurskoðun stefna og áætlana er liður í því að sveitarfélagið uppfylli skyldu sína til að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja framkvæmd réttinda barna.



Framkvæmd aðgerðar:

Búið er að uppfæra eftirfarandi stefnur og tengja þær við Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna: Mannauðsstefnuna, Forvarnarstefnuna og Stefnu Hvalfjarðarsveitar gegn einelti, kynbundnu og kynferðislegri áreitni. Sjá [hér](#).

9. Barnvænn ábendingarhappur á heimasíðu sveitarfélagsins

Markmið aðgerðarinnar er að tryggja að börn hafi skýra og aðgengilega leið til að koma sjónarmiðum og ábendingum sínum á framfæri við sveitarfélagið. Í þeim tilgangi verði settur upp ábendingarhappur á heimasíðu sveitarfélagsins.

Mæling

Þrjú stig árangurs fyrir börn		
Aðgerðir (1-2 ár)	Afurðir (3-4 ár)	Áhrif (5+ ár)
Ábendingarhappur kominn inn á heimasíðuna og hann kynntur fyrir börnum í Heiðarskóla.	Börn og ungmenni í sveitarfélaginu nýti þennan möguleika til að koma málum sínum á framfæri.	Aukin þátttaka ungmenna í starfi sveitarfélagsins.
Mælingar og gagnaöflun: Sést á heimasíðunni.	Mælingar og gagnaöflun: Farið yfir fjölda innsendra ábendinga árlega.	Mælingar og gagnaöflun: Fjöldi innsendra erinda sem enda til umræðu í ungmennaráði og umræða á ungmennahæpingi.

Tenging við stöðumat

Í spurningakönnun og á barnahæpingi kom fram ósk um greiðari leið til að koma ábendingum á framfæri.

Ábyrgðaraðili

Sveitarstjóri, í samvinnu við skrifstofumann, sér um að koma á ábendingahappi á heimasíðu sveitarfélagsins. Úrvinnsla ábendinga og svörun þeirra verður í höndum starfsfólks viðeigandi deilda.

Fjárförf

Aðkeypt tölvuþjónusta og vinnuframlag starfsfólks.

Grunnþættir Barnvæns sveitarfélags

Grein 12. Virðing fyrir skoðunum barna. Þátttaka barna

Aðgerðin tryggir börnum og ungmönnum raunverulegan og aðgengilegan farveg til að koma sjónarmiðum sínum og ábendingum á framfæri við sveitarfélagið og taka þannig þátt í mótun samfélagsins.


Grein 2. Öll börn eru jöfn. Jafnræði – að horft sé til réttinda allra barna

Með barnvænum ábendingahnappi er tryggt að öll börn, óháð aldri, búsetu eða aðstæðum, hafi jafnan aðgang að því að tjá sig og hafa áhrif.

Tenging við Barnasáttmálann

Grein 13 – Frelsi til að deila hugmyndum sínum

Ábendingahnappurinn tryggir börnum frelsi til að tjá hugmyndir sínar, ábendingar og áhyggjur með einföldum og aðgengilegum hætti.



Framkvæmd aðgerðar:

Búið er setja ábendingarhnapp inn á heimasíðu sveitarfélagsins þar sem ábendingar geta borist beint til ungmennráðs, sveitarstjórnar eða sveitarfélags. Einnig er hugmyndkassi upp í Heiðarskóla þar sem börn geta sent inn ábendingar til ungmennráðs. Útfærsla á ábendingarhnappi sem berst til ungmennráðs var unnin í samstarfi við ungmennaráðið. Sjá ábendingarhnapp [hér](#).

Ábendingarhnappur og hugmyndakassi var kynntur fyrir öllum skólastigum í Heiðarskólar. Ungmennaráð ásamt umsjónarmanni Barnvæns sveitarfélags, oddvita og tengiliðum farsældar sáu um kynninguna.

10. Uppfæra fótboltavöll í Heiðarskóla og í Melahverfi

Markmiðið er að skapa góð tækifæri til útivistar og hreyfingar fyrir börn og ungmenni með því að lagfæra fótboltavelli í Heiðarskóla og Melahverfi.

Mæling

Þrjú stig ágrangurs fyrir börn		
Aðgerðir (1-2 ár)	Afurðir (3-4 ár)	Áhrif (5+ ár)
Búið verði að laga/yfirlara netin í fótboltamörkum. Sett verði á áætlun vinnuskólans sumarið	Fótboltavellir í meiri notkun.	Bætt vellíðan barna og aukin tækifæri til útivistar og hreyfingar.

2026 að þússa grindverk á fótboltavelli í Heiðarskóla og sjá til að völlur í Melahverfi sé reglulega sleginn.

Mælingar og gagnaöflun: Fyrir og eftir myndir.

Samtal við Velferðar- og fræðsludeild.

Mælingar og gagnaöflun: Samtal við starfsmenn Heiðarskóla og vettvangsferð Velferðar- og fræðsludeildar á fótboltavöll í Melahverfi.

Mælingar og gagnaöflun:

Mælt í skólapúlsinum, spurningar í þriðja hluta 2-5 bekkur. Sp. 2.3 6-10 bekk.

Samtal á barnþingi.

Tenging við stöðumat

Ósk kom fram á barnþingi um lagfæringu á fótboltavöllunum.

Ábyrgðaraðili

Velferðar- og fræðsludeild, og Umhverfis- og skipulagsdeild. Sveitarstjórn ber ábyrgð á því að veita fjármagn.

Fjárförf

Vinnuframlag starfsfólks og kostnaður við uppfærslu/ lagfæringu á völlum.

Grunnþættir Barnvæns sveitarfélags

Grein 6. Líf og þroski. Barnvæn nálgun

Aðgerðin styður við líkamlegan, félagslegan og andlegan þroska barna með því að skapa aðstæður sem hvetja til hreyfingar, leikja og félagslegra samskipta í nærumhverfi þeirra.

Grein 3. Það sem er barninu fyrir bestu

Uppfærslan byggir á óskum barna sem komu fram á barnþingi og tekur mið af þörfum þeirra fyrir öruggt, aðgengilegt og vel nýtt útivistarsvæði.

Tenging við Barnasáttmálann

Grein 31 – Hvíld, leikur, menning og listir

Uppfærðir fótboltavellir tryggir börnum betri aðstöðu til leikja og tómstundaiðkunar í öruggu og aðgengilegu umhverfi.



Framkvæmd aðgerðar:

Búið er laga netin á báðum fótoltamörkum, sjá fyrir og eftir mynd hér:



Staðfesting á frekari aðgerður frá Umhverfis- og skipulagsdeild má sjá í viðauka 4.

Ungmennaráð ásamt umsjónarmanni Barnvæns sveitarfélags, oddvita og tengiliðum farsældar héldu kynningu fyrir alla nemendur í Heiðarskóla, hvert skólastig fyrir sig. Þar var farið yfir aðgerðaráætlunina, hlutverk ungmennaráðs, ábendingarhnappinn og tengiliði farsældar. Þar sköpuðust góðar umræður um áframhaldandi viðhald og viðbætur á fótoltavöllunum. Unnið verður áfram með þær hugmyndir í samstarfi við ungmennaráð og viðeigandi deildir sveitarfélagsins.

11. Skólareglur uppfærðar og tengdar við Barnasáttmálann.

Skólareglur verða uppfærðar með það að markmiði að þær endurspegli réttindi barna samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og stuðli að virðingu, jafnræði og velferð allra nemenda. Farið verði í markvissa vinnu með nemendum skólans þar sem þeir, í samstarfi við starfsfólk, taka virkan þátt í að endurskoða og uppfæra skólareglurnar.

Mæling

Þrjú stig ágrangurs fyrir börn		
Aðgerðir (1-2 ár)	Afurðir (3-4 ár)	Áhrif (5+ ár)
Skólareglur uppfærðar.	Unnið eftir skólareglum og þær uppfærðar eftir þörfum.	Aukin þekking barna og starfsfólks á Barnasáttmálanum.
Mælingar og gagnaöflun: sjá skólareglur.	Mælingar og gagnaöflun: Samtal við skólastjórnendur.	Mælingar og gagnaöflun: Sjá við næsta stöðumat í spurningakönnun, spurningar. nr. 4, 5, 6, 7, 8 (börn). Spurningar nr. 1, 2, 3, 4, 5, 6 (fullorðnir).

Tenging við stöðumat

Á barnþingi komu fram óskir um að uppfæra ýmsar reglur og setja nýjar. Með uppfærslu á skólareglum þá gefst tækifæri að taka þá þætti til umræðu, sem og tengja reglurnar við Barnasáttmálann.

Ábyrgðaraðili

Skólastjóri Heiðarskóla og Velferðar- og fræðsludeild.

Fjárförf

Vinnuframlag starfsfólks.

Grunnþættir Barnvæns sveitarfélags

Grein 2. Öll börn eru jöfn. Jafnræði – að horft sé til réttinda allra barna

Með uppfærðum skólareglum sem byggja á Barnasáttmálanum er tryggt að reglur taki mið af réttindum allra barna, óháð aðstæðum.

Grein 42. Allir verða að þekkja réttindi barna. Þekking á réttindum barna

Tenging skólareglna við Barnasáttmálann stuðlar að aukinni vitund nemenda og starfsfólks um réttindi barna og hvernig þau birtast í daglegu leik- og skólastarfi.

Grein 3. Það sem er barninu fyrir bestu

Endurskoðun skólareglna gefur tækifæri til að móta reglur sem styðja við öryggi, vellíðan og farsæld barna og taka mið af sjónarmiðum þeirra, líkt og komu fram á barnþingi.

Tenging við Barnasáttmálann

Grein 29 – Markmið menntunar

Uppfærðar skólareglur sem tengdar eru við Barnasáttmálann styðja við markmið

menntunar samkvæmt sáttmálanum, þar sem lögð er áhersla á að menntun eflir virðingu fyrir mannréttindum, jafnrétti, ábyrgð, umburðarlyndi og virðingu fyrir öðrum.



Framkvæmd aðgerðar:

Skólareglurnar hafa verið uppfærðar í samvinnu við nemendaráð Heiðarskóla. Þetta var gert með því að umsjónarmaður barnvæns sveitarfélags og oddviti komu á fund nemendaráðs. Þar var unnið með spjöld sem byggðu á greinum barnasáttmálans og ungmennin fengu það verkefni að tengja greinarnar við skólareglurnar. Auk þess voru þau hvött til að leggja fram tillögur að nýjum reglum sem gætu stutt betur við innleiðingu barnasáttmálans.

Ungmennaráðið, sem í sitja fulltrúar úr nemendaráði, sáu síðan um að kynna uppfærðu reglurnar fyrir nemendum Heiðarskóla. Sjá reglur í viðauka 5.

Myndir frá kynningu hér:



12. Aðgengi fatlaðra á útivistarsvæði nýs leikskóla

Verið er að fara í byggingu á nýjum leikskóla í Melahverfi haustið 2026. Þrátt fyrir að ekki séu í dag börn í sveitarfélaginu sem eru í hjólastól vill sveitarfélagið tryggja að frá upphafi verði gert ráð fyrir aðgengilegum leiktækjum á nýju útivistarsvæði leikskólans, þannig að aðstaðan nýtist öllum börnum óháð hreyfigetu, nú og til framtíðar.

Mæling

Aðgerðir (1-2 ár)	Þrjú stig ágrangurs fyrir börn Afurðir (3-4 ár)	Áhrif (5+ ár)
Gert hafi verið ráð fyrir góðu aðgengi og aðgengilegum leiktækjum fyrir fötluð börn í landslagsteikningum útisvæðis nýs leikskóla í Melahverfi.	Aðgengileg leiktæki hafa verið sett upp á útisvæði nýs leikskóla í Melahverfi.	Öll börn geti nýtt útisvæði nýs leikskóla í Melahverfi til leiks og útiveru, óháð fötlun, hreyfigetu eða öðrum einstaklingsbundnum þörfum.
Mælingar og gagnaöflun: Landslagsteikningar	Mælingar og gagnaöflun: Ljósmyndir af útisvæði og gögn sem sýna að svæðið standist allar aðgengis- og öryggiskröfur	Mælingar og gagnaöflun: Samtal við leikskólastjóra.

Tenging við stöðumat

Við svörun á leiðbeinandi spurningalistum kom fram að bæta mætti hjólastólaaðgengi á útivistarsvæðum.

Ábyrgðaraðili

Velferðar- og fræðsludeild, og Umhverfis- og skipulagsdeild. Sveitarstjórn ber ábyrgð á því að veita fjármagn.

Fjárbörf

Vinnuframlag starfsfólks og kaup á leiktæki.

Grunnþættir Barnvæns sveitarfélags

Grein 2. Öll börn eru jöfn. Jafnræði – að horft sé til réttinda allra barna

Aðgerðin tryggir að fötluð börn hafi jafnan aðgang að leik, útivist og félagslegri þátttöku í leikskólaumhverfinu. Með aðgengilegum leiktækjum er komið til móts við fjölbreyttar þarfir barna og stuðlað að jafnræði í leik og starfi.

Grein 6. Líf og þroski. Barnvæn nálgun

Með aðgengilegum og öruggum leiktækjum er stuðlað að líkamlegum, félagslegum og tilfinningalegum þroska fatlaðra barna og auknum tækifærum þeirra til hreyfingar, leiks og útiveru.

Grein 3. Það sem er barninu fyrir bestu

Aðgerðin byggir á því að skapa umhverfi þar sem öll börn geta tekið þátt á eigin forsendum, með öryggi, virðingu og vellíðan að leiðarljósi.

Tenging við Barnasáttmálann

Grein 23 – Fötluð börn

Aðgerðin tryggir að fötluð börn hafi raunverulegan aðgang að leik og útivist sem styður við sjálfstæði og virka þátttöku þeirra í samfélaginu.

Grein 31 – Hvíld, leikur, menning og listir

Leikvöllurinn skapar fötluðum börnum jafnan rétt til leikja og tómstundaiðkunar í öruggu og aðgengilegu umhverfi.



Framkvæmd aðgerðar:

Hönnun nýs leikskóla Skýjaborgar gengur vel og verkefnið er á góðri leið. Hér í viðhengi [má sjá](#) kynningu á leikskólanum. Gert hefur verið ráð fyrir góðu aðgengi og aðgengilegum leiktækjum fyrir fötluð börn í landslagsteikningum útisvæðis.

Ungmennaráð ásamt umsjónarmanni Barnvæns sveitarfélags, oddvita og tengiliðum farsældar héldu kynningu fyrir alla nemendur í Heiðarskóla, hvert skólastig fyrir sig. Þar var farið yfir aðgerðaráætlunina, hlutverk ungmennaráðs, ábendingarhnappinn og tengiliði farsældar. Þar sköpuðust góðar umræður um frekari aðgerðir til að gera önnur svæði í sveitarfélaginu aðgengilegri fyrir fatlaða. Unnið verður áfram með þær hugmyndir í samstarfi við ungmennaráð og viðeigandi deildir innan stjórnarsýslunnar.

13. Leiðbeinandi verklagsreglur til sveitarstjórnar og nefnda um barnvænt hagsmunamat

Samræma vinnubrögð sveitarstjórnar og nefnda þannig að barnvænt hagsmunamat sé framkvæmt á markvissan og skipulagðan hátt.

Mæling

Þrjú stig árangurs fyrir börn		
Aðgerðir (1-2 ár)	Afurðir (3-4 ár)	Áhrif (5+ ár)
Útbúa leiðbeinandi verklagsreglur og kynna í nefndum og sveitarstjórn.	Leiðbeinandi verklagsreglur eru nýttar í stjórnarsýslu sveitarfélagsins og fleiri mál skila sér til ungmennaráðs.	Hagsmunamat barna framkvæmt við allar stærri ákvarðanir sem hafa bein eða óbein áhrif á hagsmuni barna.

Mælingar og gagnaöflun: Sjá skjöl og fundargerðir.

Mælingar og gagnaöflun: Sjá fundargerðir.

Mælingar og gagnaöflun: Sjá fundargerðir.

Tenging við stöðumat

Við svörun á leiðbeinandi spurningalistum kom fram að þörf er á að samræma vinnubrögð til að tryggja að hagsmunamat barna sé haft að leiðarljósi við allar stærri ákvarðanir sem hafa bein eða óbein áhrif á hagsmuni barna.

Ábyrgðaraðili

Umsjónarmaður Barnvæns sveitarfélags.

Fjárpörf

Vinnuframlag starfsfólks.

Grunnþættir Barnvæns sveitarfélags

Grein 3. Það sem er barninu fyrir bestu

Með leiðbeinandi verklagsreglum um hagsmunamat barna er tryggt að hagsmunir barna séu markvisst metnir og hafðir að leiðarljósi við alla stærri ákvarðanatöku sveitarstjórnar og nefnda.

Grein 2. Öll börn eru jöfn. Jafnræði – að horft sé til réttinda allra barna

Samræmd vinnubrögð tryggja að áhrif ákvarðana á ólíka hópa barna séu metin með kerfisbundnum hætti og að tekið sé tillit til fjölbreytileika barna, án mismununar.

Grein 42. Allir verða að þekkja réttindi barna. Þekking á réttindum barna

Innleiðing leiðbeinandi verklagsreglna eykur þekkingu kjörinna fulltrúa og starfsfólks á réttindum barna og hvernig beita eigi Barnasáttmálanum í stjórnsýslu og við ákvarðanatöku.

Tenging við Barnasáttmálann

Grein 4 – Réttindi gerð að veruleika

Með því að setja verklagsreglur um hagsmunamat barna uppfyllir sveitarfélagið skyldu sína til að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja framkvæmd réttinda barna.



Framkvæmd aðgerðar:

Leiðbeinandi verklagsreglur um barnvænt hagsmunamat hafa verið samþykktar í velferðar- og fræðslunefnd og síðan staðfestar í sveitarstjórn. Þeim var í kjölfarið vísað til kynningar í fastanefndir sveitarfélagsins. Sjá verklagsreglur í viðauka 6.

Samantekt Innleiðing verkefnisins Barnvæn sveitarfélög – reynsla Hvalfjarðarsveitar

Innleiðing verkefnisins Barnvæn sveitarfélög í Hvalfjarðarsveit hefur haft jákvæð áhrif á starfsemi sveitarfélagsins og stuðlað að barnvænni nálgun í stjórnsýslu og ákvarðanatöku. Verkefnið hefur aukið vitund starfsfólks, kjörinna fulltrúa og barna um réttindi barna og mikilvægi þess að börn fái tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Vel hefur tekist að virkja börn og ungmenni í ferlinu, meðal annars í gegnum barnaþing, spurningakannanir, ungmennaráð og kynningar í Heiðarskóla. Ungmennaráð hefur tekið virkan þátt í undirbúningi og framkvæmd verkefnisins og hefur ráðið haft tækifæri til að koma að mótun aðgerða. Starf ungmennaráðs hefur eflst mikið með verkefninu, þar sem innleiðingin hefur kallað á aukið og markvisst samstarf. Oddviti sveitarstjórnar, ásamt umsjónarmanni, hafa staðið fyrir innleiðingunni og hefur það gert tenginguna sterkari á milli sveitarstjórnar og ungmennaráðs.

Vel gekk að fá starfsfólk og kjörna fulltrúa til að horfa á fræðsluefnið. Hver deild og stofnun hafði umsjón með fræðslu sinna starfsmanna. Fræðsla til barna gekk einnig mjög vel og hefur fræðsla um Barnasáttmálann, verið um árabil samþætt fjölbreyttum verkefnum innan grunnskólans.

Spurningakannanir voru lagðar fyrir bæði í upphafi innleiðingar og við lok hennar. Niðurstöður sýna bætingu meðal starfsfólks, en minni hjá börnum. Í ljósi þess verður aukin áhersla lögð á réttindafræðslu barna í næsta innleiðingarhring.

Meðal þeirra varanlegu breytinga sem hafa orðið má nefna uppfærslu á stefnum sveitarfélagsins með hliðsjón af Barnasáttmálanum, nýjar leiðbeinandi verklagsreglna um barnvænt hagsmunamat, uppsetningu barnvæns ábendingarhnapps á heimasíðu sveitarfélagsins og aukna áherslu á formlegt og óformlegt samráð við börn og ungmenni. Einnig hafa ákveðnar aðgerðir þegar komið til framkvæmda, svo sem hækkun frístundastyrks, uppfærsla skólareglna, lagfæringar á fótboltavöllum og undirbúningur að góðu aðgengi á útisvæði nýs leikskóla.

Það sem hefur helst verið áskorun í ferlinu er að samræma tíma allra sem koma að verkefninu, sérstaklega þar sem mikilvægt er að ungmennaráð geti tekið þátt í fundum og umræðum.

Fullorðnir þátttakendur í stýrihópnum telja að börn og ungmenni hafi fengið góð tækifæri til þátttöku í verkefninu og að sjónarmið þeirra hafi haft áhrif á mótun aðgerðaráætlunarinnar. Ungmennaráð hefur jafnframt lýst jákvæðri upplifun af þátttöku sinni og talið mikilvægt að samráð við börn verði áfram markvisst og reglulegt.

Íbúar sveitarfélagsins hafa orðið varir við innleiðinguna meðal annars í gegnum fréttir á heimasíðu, á samfélagsmiðlum og tengt verkefnum í skóla- og frístundastarfi. Verkefnið ætti því að hafa haft sýnileg áhrif innan samfélagsins.

Helsti lærdómurinn af innleiðingunni er að mikilvægt er að skapa skýra ferla um hvernig eigi að fara fram markvisst samstarf og samtal við ungmennráð, það gefur einstaka innsýn að fá þau sem mest að borðinu. Í næsta hring innleiðingarinnar verður mikilvægt að halda áfram að efla fræðslu um réttindi barna, nýta barnvænt hagsmunamat markvisst og tryggja að börn og ungmenni hafi fjölbreyttar og aðgengilegar leiðir til að koma skoðunum sínum á framfæri.

Barnaskýrsla

Ungmennaráðið hefur tekið virkann þátt í innleiðingu barnvæns sveitafélags hér í Hvalfjarðarsveit. Við komum meðal annars að undirbúningi barnþingsins sem átti sér stað í Heiðarskóla í fyrra. Þingið er liður í því að gera sveitafélagið að barnvænu samfélagi samkvæmt viðmiðum UNICEF. Þátttaka í þinginu var mjög góð en það voru nemendur 5.-10. bekkjar sem tóku þátt í þinginu eða alls um 50 börn. Þingið fór síðan fram með þeim hætti að málefnum var deilt niður á borð og svo gátu börnin valið sér sæti við borð eftir eigin höfði. Barnþingið heppnaðist mjög vel, börnin sýndu mikinn metnað og tóku virkann þátt í umræðunni. Börnin enduðu þingið með því að gera veggspjöld með öllu sem kom fram á þinginu.

Það komu fram margar tillögur um uppfærslu á skólareglum í kjölfar barnþingsins. Ungmennaráð kom síðan að því að uppfæra skólareglur Heiðarskóla og tengja þær við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og stuðla þannig að virðingu, jafnræði og velferð allra nemenda.

Að þessu loknu mætti Ungmennaráð í Heiðarskóla og hélt kynningu um aðgerðaráætlunina Barnvænt sveitafélag. Við fluttum kynninguna ásamt oddvita sveitastjórnar, á hverju stigi fyrir sig og kynntum þannig fyrir nemendum hvað felst í innleiðingunni. Um leið kynntum við störf Ungmennaráðs, hvað það gerir, ásamt því að kynna hugmyndakassa á okkar vegum. Þessi hugmyndakassi er núna staðsettur í Heiðarskóla og geta nemendur þannig komið sínum hugmyndum á framfæri til okkar.

Okkur hjá Ungmennaráði hefur fundist þetta verkefni fróðlegt, skemmtilegt og einkum mikilvægt skref fyrir sveitafélagið.

Samantekt

Innleiðing verkefnisins Barnvæn sveitarfélög í Hvalfjarðarsveit hefur gengið vel í heildina og einkennst af jákvæðu viðhorfi og góðri þátttöku, bæði meðal barna, ungmenna og fullorðinna. Verkefnið hefur þegar haft sýnileg áhrif, meðal annars með virkari þátttöku barna og ungmenna í ákvarðanatöku og markvissara samráði í gegnum ungmennaráð, barnþing og aðrar samráðsvettvanga. Starf ungmennaráðs hefur eflst verulega í ferlinu og tengsl þess við sveitarstjórn styrkst, meðal annars með virkri aðkomu oddvita að innleiðingunni. Þá hafa ýmsar aðgerðir þegar komið til framkvæmda, svo sem hækkun frístundastyrks, uppfærsla skólareglna, aukin fræðsla og bætta leiðir fyrir börn til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Mikilvægt er að halda þeirri vinnu áfram, sérstaklega hvað varðar fræðslu um réttindi barna, markvisst samráð við börn og innleiðingu barnvæns hagsmunamats í ákvarðanatöku. Einnig þarf að tryggja að þátttaka haldi áfram að vera virk og að rödd barna fái raunverulegt vægi í þróun sveitarfélagsins.

Helstu áskoranir hafa falist í skipulagi og tímasetningum, sérstaklega með tilliti til þátttöku ungmennaráðs, að allir komist til fundar. Auk þess sem vinna þarf áfram að því að auka svörun í könnunum meðal fullorðna. Þrátt fyrir það eru horfur mjög góðar og ljóst að verkefnið hefur skapað sterkan grunn fyrir áframhaldandi þróun. Framtíð verkefnisins er björt og felst í því að byggja áfram á þeim árangri sem náðst hefur, efla samstarf milli aðila og tryggja að barnvæn nálgun verði fastur liður í allri starfsemi sveitarfélagsins.

Viðauki 1.

Vor 2026




SKRÁNING HAFIN SUNDNÁMSKEIÐ Í HEIÐARBORG

Hópur 1: 2023-2024
Hópur 2: 2021-2022

Kennari:
Arnheiður



Viðauki 2.



Föruneyti barna hjá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu staðfestir að Hvalfjarðarsveit hefur skráð fimm leiðbeinendur í þjálfun í ágúst 2026 sem munu undirbúa sig til að leiða Tengjumst í leik foreldranámskeið í leik- og grunnskólum sveitarfélagsins.

Tengiliður sveitarfélags: Andrea Ýr Arnarsdóttir.

Dagsetning: 30.04.26

Undirskrift:

Elsa Borg Sveinsdóttir

Verkefnastjóri Föruneyti barna | Skólaþróunarsvið
Specialist | Director's Office

Viðauki 3.

Sent á: Heiðarskóli, Aðstandendur

Komið þið sæl

Nýlega fór fram kynning í Heiðarskóla á tengiliðum farsældar, þeim Katrínu Rós og Ólöfu.

Farsæld barna snýst um að tryggja að öll börn fái þann stuðning sem þau þurfa á réttum tíma, með það að markmiði að efla vellíðan þeirra, öryggi og þroska. Tengiliðir farsældar gegna mikilvægu hlutverki í þessu samhengi.

Hlutverk tengiliða farsældar er meðal annars að:

- . vera stuðningur fyrir börn og fjölskyldur
- . aðstoða við að finna rétta þjónustu ef þörf er á
- . stuðla að góðu samstarfi milli heimilis, skóla og annarra aðila

Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til að hafa samband ef þeir telja þörf á frekari upplýsingum eða vilja ræða mál sem snúa að velferð barnsins.

Með kveðju,

Viðauki 4.



Umhverfis- og skipulagsdeild staðfestir að sett verði á áætlun vinnuskólans, sumarið 2026, að þússa grindverk á fótboltavelli í Heiðarskóla og séð verður til þess að völlum í Melahverfi sé reglulega sleginn.

Umhverfis- og skipulagsdeild

Skólareglur Heiðarskóla



Tengdar við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

- Öll börn eru jöfn.
- Við tökum vel á móti nýjum nemendum.
- Við skiljum mat og sælgæti eftir heima.



- Við gefum öðrum næði til að læra.
- Við sinnum fyrir mælum starfsfólks.



- Við göngum vel um.
- Við erum laus við rafrettur, tóbak og vímuefni (þar á meðal áfengi).
- Við sinnum persónulegu hreinlæti.



- Við erum kurteis.
- Við virðum öryggi, eigin og einkalíf annarra.
- Við berum virðingu fyrir sjálfum okkur, öðrum og umhverfinu.



- Við klæðum okkur eftir veðri.
- Við geymum leikföng heima.
- Við notum síma og netið á ábyrgan og jákvæðan hátt.



- Við tökum þátt í tímum og sinnum heimanáminu.
- Við mætum á réttum tíma í kennslustundir.
- Við mætum með skólabækur, íprótta- og sundföt.



Viðauki 5.

Leiðbeinandi verklagsreglur um barnvænt hagsmunamat

1. Markmið

Markmið þessara verklagsreglna er að tryggja að allar ákvarðanir sveitarfélagsins taki mið af réttindum barna og að hagsmunir þeirra séu hafðir að leiðarljósi í samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

2. Gildissvið

Verklagsreglurnar gilda um sveitarstjórn, nefndir og starfsfólk Hvalfjarðarsveitar.

3. Framkvæmd barnvæns hagsmunarmats

Leiðbeinandi verklagsreglur gilda um allar stærri ákvarðanir, nýjar stefnur, áætlanir og þjónustu sem kunna að hafa bein eða óbein áhrif á börn.

Barnvænu hagsmunamati er skipt í þrjú stig sem hvert um sig felur í sér lykilsurningar. Við framkvæmd matsins skal fjalla um tilgang (stig 1), uppbyggingu og mat (stig 2) og sjónarmið og rannsóknargögn (stig 3). Nánari leiðbeiningar er að finna í eyðublaði í viðauka 1.

4. Tímasetning mats

Barnvænt hagsmunamat skal framkvæma á frumstigi ákvarðanatöku og vera hluti af undirbúningi mála, sem og að fylgja málinu þar til ákvörðun er tekin.

5. Þverfaglegt samstarf

Við framkvæmd hagsmunamats skal tryggja samstarf milli deilda, stofnana og nefnda og þar með tryggja heildstæða sýn á málefni barna.

6. Viðbrögð við neikvæðum áhrifum

Ef hagsmunamat leiðir í ljós neikvæð áhrif á börn og ungmenni skal endurskoða tillögu, setja fram mótvægisáðgerðir og/eða leggja fram valkosti sem bæta stöðu barna.

7. Skráning

Niðurstöður barnvæns hagsmunamats skulu skráðar með skýrum hætti á þar til gerðu eyðublaði, sbr. viðauka 1. Eyðublaðið skal fylgja málinu í One skráningarkerfinu.

Þar sem við á skal birta samantekt opinberlega. Við birtingu skal fylgja leiðbeinandi gátlisti yfir efnisatriði, sbr. viðauka 2.

8. Ábyrgð og framkvæmd

Sveitarstjórn ber ábyrgð á innleiðingu leiðbeinandi verklagsreglna. Formenn viðkomandi nefnda, og oddviti sveitarstjórnar þegar við á, bera ábyrgð á framkvæmd barnvæns hagsmunamats í þeim málum sem falla undir verksvið þeirra.

Starfsfólk skal fylgja verklagsreglunum og nota tilgreint eyðublað við framkvæmd matsins.

9. Gildistaka og endurskoðun

Verklagsreglur þessar taka gildi við samþykkt sveitarstjórnar og skulu endurskoðaðar reglulega.

Samþykkt á 10. fundi velferðar- og fræðslunefndar Hvalfjarðarsveitar þann 07.04.2026.

Samþykkt á 440. fundi sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar þann 8.04.2026.

Viðauki 6

Barnvænt hagsmunamat

1. Grunnupplýsingar

Heiti máls / verkefnis:

Dagsetning:

Ábyrgðaraðili (deild / stofnun/ sveitarstjórn eða nefnd):

Staða máls:

Undirbúningur

Í vinnslu

Lokið

STIG 1: TILGANGUR

2. Lýsing á tillögu / verkefni

Lýstu stuttlega verkefninu / ákvörðuninni:

Markmið (almenn og sérstaklega gagnvart börnum):

Umfang og markhópur

Hvaða börn verða fyrir áhrifum? (aldur, hópar):

Eru áhrifin:

Bein

Óbein

Hvaða hópar gætu orðið sérstaklega fyrir áhrifum?

Börn í viðkvæmri stöðu

Börn með fötlun

- Börn af erlendum uppruna
 Önnur: _____

STIG 2: UPPBYGGING OG MAT

3. Tengsl við réttindi barna

Hvaða greinar Barnasáttmálans eiga við um stefnumótunina/þjónustuna/áætlunina?

Hvernig styður tillagan við réttindi barna?

Mat á áhrifum

Hver eru líkleg/raunveruleg áhrif á börn:

Flokkun á áhrifum:

- Jákvæð
 Neikvæð
 Hlutlaus

Tímalengd áhrifa:

- Skammtíma
 Langtíma

Eru áhrif mismunandi eftir hópum barna?

Neikvæð áhrif og mótvægisáðgerðir

Eru til staðar neikvæð áhrif?

- Já
 Nei

Ef já, lýstu þeim:

Hvernig er hægt að draga úr þeim eða breyta tillögunni?

STIG 3: SJÓNARMÍÐ OG RANNSÓKNARGÖGN

4. Gögn og forsendur

Hvaða staðfesting er til staðar um að stefnumótunin/þjónustan/áætlunin styðji við og eflir réttindi barna?

- Töluleg gögn
- Rannsóknir
- Skýrslur
- Upplýsingar frá stofnunum, deildum og nefndum.
- Annað: _____

5. Þátttaka barna

Hefur verið leitað eftir sjónarmiðum barna í málinu?

- Já
- Nei

Ef já:

Hvernig var það gert?

Helstu niðurstöður:

Ef nei, hver er ástæðan:

6. Samstarf og samráð

Hvaða aðilar komu að matinu?

7. Niðurstaða og tillögur

Samantekt á niðurstöðum mats:

Tillaga að næstu skrefum:

- Halda áfram óbreytt
- Breyta tillögu
- Fresta ákvörðun
- Safna frekari gögnum

Nánari skýring:
